



# **BJARTUR**

## **bókaforlag**

**útgáfan 2013**

[www.bjartur.is](http://www.bjartur.is)

Bjartur á Facebook

Jón Kalman Stefánsson

## Fiskarnir hafa enga fætur



Þetta er sviðið:


Austfirsk fjöll og Keflavík sem kölluð hefur verið svartasti staður landsins.


Hér er sögð saga ættar allt frá byrjun tuttugustu aldar og fram til okkar daga. Sagan teygir sig frá Norðfirði til Keflavíkur, hún nær yfir allt landið, yfir fjöllin sem eru fornar rósir færðar guðum og hraunið sem lítur stundum út eins og blótsyrði djöfulsins.

Þetta er saga fólks sem elskar og þjáist, sem leitar og flýr, saga um sársauka og söknuð, ofbeldi og kvótalaust haf. Saga um Kanaskip, Bítlana og Pink Floyd, um bjarta og dimma daga á Norðfirði þar sem kona breytist í lifandi múmíu.



„Það eru til fleiri heimar en við getum talið,  
og enginn þeirra er sá rétti.“





## Eiríkur Guðmundsson

### 1983

Á hjara veraldar er tólf ára gamall drengur á hraðri ferð inn í heim hinna fullorðnu. Á einu ári uppgötvar hann ekki aðeins ástina heldur einnig hverfuleikann, um leið og hann vígist inn í heim orðanna.

Hér er sögð nýstárleg saga úr íslensku þorpi á fyrri hluta níunda áratugarins, heimi sem er í senn framandi og kunnuglegur. Þetta er bók um þrá eftir hinu óljósa, leitina að sjálfum sér, draumkennd skip, og gamla loftbelgi sem líða um hugarheima ungmenna mjög ofarlega á slönguspilinu. Síðast en ekki síst er þetta ástarsaga sem gerist fjarri öllum kastljósum úti við ysta haf.

1983 er fjórða skáldsaga Eiríks Guðmundssonar, en sú síðasta, Sýrópsmáninn, var tilnefnd til menningarverðlauna DV.

**Eiríkur Guðmundsson** er fæddur í Bolungarvík árið 1969. Fyrsta skáldsaga hans, 39 þrep á leið til glötunar, kom út árið 2004.



# Jón Óttar Ólafsson

## Hlustað

Lögreglusaga af algerlega nýju kaliberi.


Ung kona finnst látin í gömlum grásleppuskúr við Ægisíðu í desember 2009. Margt bendir til þess að hún hafi tekið of stóran skammt, en lögreglumaðurinn Davíð er sannfærður um að hún hafi verið myrt. Eina vísbending hans er óskráð símanúmer.

Af tilviljun kemst hann yfir hljóðupptöku af heimili efnaðs fíkniefnasala, sem lögreglan fylgist með. Upptakan rennir stoðum undir grun hans. En hann þarf að berjast fyrir því að fá að rannsaka málið – um leið og hann reynir að bjarga starfi sínu. Og hjónabandinu.

Valdamiklir menn vernda hver annan. Og þá skiptir morðrannsókn litlu.

**Jón Óttar Ólafsson** er doktor í afbrotufræðum frá Cambridge-háskóla. Hann hefur starfað innan lögreglunnar, í fjárfestingabanka og hjá Sérstökum saksóknara. Þetta er hans fyrsta skáldsaga.






Tvær konur er í fjallgöngu þegar þær ganga fram á lík við árbakka. Lögreglan er kölluð til og brátt verður ljóst að þarna er fjöldagröf.

Morðeildin er kölluð til og fer þar fremstur í flokki hinn skapstyggi en eldklári Sebastian Bergman. Afar flókið reynist að bera kennsl á fólkið og rekja slóð þess og hugsanlegs morðingja. Stemningin í deildinni er afleit, þar sem burðarstólparnir í teyminu eiga nóg með sínar einkaorrustur. Þau eru komin út í kviksyndi.

Í ljós kemur að málið teygir anga sína inn að kviku sænska réttarríkisins og varpar skugga upp í efstu lög stjórnkerfisins. Hvaða leikreglur gilda um öryggi þegnanna og til hvaða öryggisráðstafana er gripið til að vernda hið opna og frjálsa samfélag?




Maðurinn sem var ekki morðingi og Meistarinn hafa heillað íslenska lesendur og fengið fullt hús stiga hjá gagnrýnendum. Þetta er sænskur krimmi í hæsta gæðaflokki.



## Gröfin á fjallinu

Eftir Hjorth Rosenfeldt (höfund Brúarinnar) í þýðingu Höllu Kjartansdóttur. Þriðja sagan um hinn geðstirða lögreglumann Sebastian.

**KILJA**






Einnig fáanleg sem raðbók

## Dagur Hjartarson Eldhafið yfir okkur

Hér má nálgast sögu úr bókinni:  
**Það fer enginn aftur til Svartfjallalands**



Hversu langt er á milli foreldra og barna? Hverjum stendur ógn af umsjónarmanni tjaldstæðis? Hvað er í Svartfjallalandi?

Smásögur Dags Hjartarsonar sem hér birtast hlutu Nýræktarstyrk Bókmenntasjóðs. Þær eru einsog smásögur gerast bestar, litlar að utan en stórar að innan.

Dagur hlaut Bókmenntaverðalun Tómasar Guðmundssonar haustið 2012 fyrir frumraun sína, ljóðabókina **Par sem vindarnir hvílast – og fleiri einlæg ljóð.**



## Eva Rún Snorradóttir

# Heimsendir fylgir þér alla ævi

Það er laugardagskvöld og yfir tveimur unglingsstúlkum stendur miðaldra faðir á nærbuxunum og heldur fyrirlestur um raunveruleikann.



Eva Rún Snorradóttir er fædd árið 1982 og uppalin í Reykjavík. Hún skartar einni gráðu: BA gráðu í Leiklist – fræði og framkvæmd, frá Listaháskóla Íslands.

Undanfarin ár hefur hún fengist við rannsóknir á eðlileikanum með Framandverkaflokknum Kviss búmm bang. Þetta er hennar fyrsta bók.

## Raymond Carver

# Það sem við tölum um þegar við tölum um ást

í þýðingu Óskars Árna  
Óskarssonar.

Raymond Carver (1938-1988) var einn af fremstu smásagnahöfundum 20. aldarinnar. Margir segja þetta hans bestu bók.



Bandaríki Carvers eru full af sársauka og brostnum draumum óbrotins alþýðufólks. Knappur og einfaldur stíllinn er einstakur og engu líkur.

Smásagnasafnið *Það sem við tölum um þegar við tölum um ást* kom fyrst út árið 1974. Með þessari bók steig Carver fram sem fullmótaður höfundur, og margir segja þetta bestu bók hans.

Þýðandinn Óskar Árni Óskarsson hefur fengist við þýðingar og ljóðagerð um árabíl og hlotið gott lof fyrir.

Hann þýddi smásagnasafnið *Sendiferðin* eftir Raymond Carver (Bjartur, 2004) og nú síðast *Kaffihús tregans* eftir Carson McCuller (Bjartur, 2010). Sú þýðing var tilnefnd til Þýðingarverðlaunanna.


# Undir vernd stjarna

## Jón Kalman Stefánsson valdi og þýddi

Hvernig skal lýsa ljóðasafni? Þetta eru ljóð um kraftinn sem vex í draumum Napóleons, um risavaxna dvergglilju haustsins, um gaffal, aftökustaðinn, samviskubitið, sársaukafulla einveru, um heimsveldi drauma og þá staðreynd að ef þú ákveður að fara, skaltu vita að hér eru dyrnar, þær bera nafn mitt og liggja að tárur.

Höfundarnir eru átján, fimmtán karlar og þrjár konur, fæddir á bilinu 1891 til 1953.

Jón Kalman Stefánsson valdi, þýddi og ritar eftirmála.



# Eldur

Mats Strandberg og Sara B. Elfgren

Þýðandi: Þórdís Gísladóttir.

Hinar útvöldu eru að hefja annað árið í menntaskóla. Allt sumarið hafa þær óttast næstu aðgerðir demónanna en ógnin kemur úr átt sem þær hefðu ekki getað ímyndað sér.

Það verður augljósara með hverjum deginum sem líður að eitthvað mjög alvarlegt er á seyði í Englafossi. Fortíð og nútíð fléttast saman, lifandi og dauðir mætast. Menntaskólastúlurnar verða sífellt nánari og það kemur betur og betur í ljós að galdrar eru gagnslausir þegar ástarsorgir eru annars vegar.




Eldur er önnur bókin í Englafoss-þríleik Mats Strandberg og Söru Bergmark-Elfgren sem hófst með Hringnum sem sló algjörlega í gegn árið 2012 og hlaut bóksalaverðlaunin í flokki þýddra táningabóka.

Englafoss-þríleikurinn hefur farið sigurför um heiminn og þýðingarétturinn er seldur til tuttugu landa. Nú vinnur fyrrum Abba-meðlimurinn Benny Andersson að því að kvikmynda bækurnar.




Framhald af HRINGNUM sem var  
geysivinsæll síðasta haust, og hlaut  
bóksalaverðlaun í flokki þýddra  
táningabóka á síðasta ári.



# Undarlegar uppfinningar Breka og Dreka!

Þórdís Gísladóttir þýddi.

Hin bráðskemmtilega bók um Breka og Dreka á leikskólanum er löngu uppseld: Nú finna þeir félagar upp á bráðnauðsynlegum hlutum (einsog vél sem týnir af pizzunni áleggjin sem maður vill ekki) sem ættu að vera til á hverju heimili.






Þórdís Gísladóttir

## Randalín og Mundi í Leynilundi

Teikningar eftir Þórarin M. Baldursson.

Vinirnir Randalín og Mundi bregða sér út fyrir borgina í nokkra daga og komast þar í kynni við sérkennilegt fólk, forvitnilega fugla og dularfullan nábit sem þau óttast að sé hættulegur.

Randalín og Mundi í Leynilundi er sjálfstætt framhald bókarinnar Randalín og Mundi sem hlaut Fjöruverðlaunin og Bókmenntaverðlaun starfsfólks bókaverslana árið 2012.





## Ástir eftir Javier Marías

í þýðingu Sigrúnar Á. Eiríksdóttur

María er vön að fá sér morgunmat á kaffihúsi í Madrid áður en hún fer til vinnu sinnar. Það gera Miguel og Luisa líka, glaðlynd og ástfangin hjón sem María hefur unun af að fylgjast með og lítur á sem hið fullkomna par. En dag einn hætta þau að koma því að hryllilegur atburður hefur gerst. Ást, dauði, sannleikur og lygi í sinni óbærilega flóknu og miskunnarlausu mynd eru meginviðfangsefni þessarar nýju skáldsögu eftir Javier Marías, sem gagnrýnendur El País kusu bók ársins 2011.

Þýðandi er Sigrún Ástríður Eiríksdóttir



## Fólkið frá Öndverðu óttast ekki eftir Shani Boianjiu

í þýðingu Jóns Halls Stefánssonar

Æskuvinkonurnar Avishag, Lea og Yael alast upp í smábæ í Ísrael. Vandamál þeirra eru kunnugleg: Prófstress, partístand, farsímasamband og fyrsta ástin, vinslit og vinkvennaleyndarmál. En þær – eins og aðrir – búa við stöðuga stríðsögn sem markar líf þeirra.

Þegar stelpurnar þrjár eru kvaddar í herinn breytist líf þeirra með ófyrirsjáanlegum hætti, þótt reynsla þeirra sé ólík á þessum mótunarárnum. En hvenær verður ógnin að veruleika? Hvenær dýnja ósköpin yfir?

Shani Boianjiu er fædd árið 1987 í smábæ í Galíleu og var leiðbeinandi í vopnaburði bardagahermanna á meðan hún gegndi herþjónustu. Þetta er hennar fyrsta skáldsaga og hefur hún vakið heimsathygli.



## Ráðskonan og prófessorinn eftir Yoko Ogawa


í þýðingu Elísu Bjargar Þorsteinsdóttur.

Hann er snjall stærðfræðiprófessor sem hefur aðeins áttatíu mínútna skammtímaminni en hugur hans er enn fullur af stærðfræðiformúlum fyrri tíma. Hún er ung ráðskona og á tíu ára gamlan son. Á hverjum morgni kynnast ráðskonan og prófessorinn upp á nýtt.

Prófessorinn hefur einstakan hæfileika til þess að tengja saman einföldustu atriði – skóstarðir, afmælisdaga – og heiminn eins og hann leggur sig. Og hann leggur fyrir mæðginin þrautir sem tengja þau böndum sem rista dýpra en minnið nær.

Ráðskonan og prófessorinn fékk verðlaun japanskra bóksala árið 2004.

Yoko Ogawa hefur skrifað yfir 20 margverðlaunaðar bækur.



## Í trúnaði eftir Helene Grémillon

í þýðingu Kristínar Jónsdóttur.

Eftir að Camille missti móður sína streymdu umslög með samúðarkveðjum inn um bréfalúguna. Eitt umslagið er þykkt og í því langt bréf sem fjallar alls ekki um móðurina. Þetta er dularfullt og nafnlaust bréf og Camille er ekki viss um að það sé ætlað sér. Bréfin halda áfram að berast og smátt og smátt afhjúpa þau gamalt leyndarmál, sem stendur Camille nær en hún hélt í fyrstu.

Sagan gerist á miklum umbrotatímum í Frakklandi og fjallar um heitar ástir, sérstök örlög og svikin loforð.






## Tígrisdýr í rauðu veðri eftir Lizu Klausmann

í þýðingu Ingunnar Ásdísardóttur

Frænkurnar Nick og Helena hafa eytt heitum sumrum æsku sinnar og uppvaxtar í Tiger House, gamalli fjölskylduvillu á eyinni Martha's Vineyard. Í lok síðari heimsstyrjaldarinnar eru þær gjafvaxta ungar konur og framtíðin blasir við þeim.

Hvorug þeirra öðlast þó það líf sem þær höfðu gert sér vonir um og eftir því sem árin líða tekur hin árlega sumardvöl í Tiger House á sig flóknari mynd.

Í byrjun sjöunda áratugarins fletta börn þeirra ofan af óhugnanlegum atburði sem læðir skugga inn í lífið á eyinni og skekur kjarnann í samheldni fjölskyldunnar.



## Undantekningin eftir Auði Övu Ólafsdóttur.

Í kilju.

Sagan hefst á gamlárskvöld, þegar Flóki, eiginmaður söguhetjunnar kemur út úr skápnum og flytur til nafna síns og samstarfsmanns. Báðir eru þeir stærðfræðisnillingar og sérfræðingar í óreiðukenn-ingunni. Í kjallaranum býr dvergurinn Perla sem leggur stund á hjónabandsráðgjöf og ritstörf.





# neon



Fimm bækur á ári. Sérvaldar. Sendar heim að dyrum. Ótrúlegt verð. Bara gleði. Mikil ánægja. Sérútbúin gjafabréf fást í höfuðstöðvum Bjarts.





## Hún er horfin eftir Gillian Flynn

í þýðingu Bjarna Jónssonar

Nick og Amy eiga fimm ára brúðkaupsafmæli – gjafirnar klárar og búið að panta borð fyrir kvöldið – þegar hin eldklára og fallega Amy hverfur sporlaust af heimili þeirra.

Lögreglan stendur ráðþrota og fjölmiðlar fara hamförum, enda kemur í ljós að Nick og Amy voru ekki jafn hamingjusöm og þau vildu vera láta. Draumaeiginmaðurinn reynist vera háll sem áll, þótt hann haldi stöðugt fram sakleysi sínu.

En er ekki eiginmaðurinn alltaf sá seki? Eða ef hann er saklaus: Hvar er hún þá?


## Inferno eftir Dan Brown


Robert Langdon, prófessor í táknafræði við Harvard-háskóla, vaknar á spítala og hefur hvorki hugmynd um hvar hann er staddur í veröldinni né hvernig hann lenti þarna. Því síður getur hann útskýrt dularfullan hlut sem finnst í fórum hans. Í huga hans bergmálar hins vegar: Leitið og þér munuð finna.

Áður en hann veit af er Langdon kominn á æðisgenginn flóttu um Flórens ásamt ungum lækni, Siennu Brooks, þar sem aðeins þekking hans á afkimum borgarinnar, fornum leyndardómum hennar – og Inferno Dantes – getur bjargað þeim. En hverjir veita þeim eftirför og hvers vegna?

Inferno eftir Dan Brown er æsispennandi tryllir í anda fyrri bóka hans, Da Vinci lykilsins, Engla og djöfla og Týnda táknsins. Bók sem þú leggur ekki frá þér fyrr en sagan er öll!

Arnar Matthíasson og Ingunn Snædal þýddu





## Rosie-verkefnið eftir Graeme Simison

í þýðingu Elísu Bjargar Þorsteinsdóttur.

Söguhetjan Don Tillman ætlar að kvænast. Hann veit bara ekki hverri. En það er margsannað að kvæntum karlmönnum farnast betur, svo þetta er einfaldlega verkefni sem þarf að leysa. Hann útbýr nákvæman, mjög nákvæman, spurningalista, til að auðvelda sér valið.


Rosie fellur strax á prófinu: óstundvís grænmetisæta sem reykir og drekkur. Klárlega ekki hans týpa.

## Árið sem tvær sekúndur bættust við tímann eftir Rachel Joyce

í þýðingu Ingunnar Snædal

Árið 1972 var tveimur sekúndum bætt við tímann til að hann stemmdi við hreyfingar jarðarinnar. Byron Hemmings vissi þetta því að James Lowe hafði sagt honum það og James var gáfaðasti drengurinn í skólanum. En hvernig var hægt að breyta tímanum? Hreyfingar klukkuvísanna voru eins óumbreytanlegar og gulltrygg framtíð drengjanna tveggja.

En svo gerir móðir Byrons afdrifarík mistök þegar hún er að flýta sér með börnin í skólann. Fullkomin tilvera Byrons hrynur til grunna. Er það sekúndunum tveimur að kenna? Verður einhvern tíma hægt að leiðrétta það sem fór úrskeiðis?



Eftir höfund bókarinnar um hina  
Ótrúlegu pílagrímsgöngu Haralds Fry.



---

Bjartur bókaforlag  
Bræðraborgarstíg 9  
101 Reykjavík

[www.bjartur.is](http://www.bjartur.is)  
[www.facebook.com/BjarturBooks](http://www.facebook.com/BjarturBooks)

[bjartur@bjartur.is](mailto:bjartur@bjartur.is)

sími: 414 14 50

Forlagsverslunin er opin alla virka daga, á skrifstofutíma.

---

Jón Kalman Stefánsson  
Eiríkur Guðmundsson  
Þórdís Gísladóttir  
Jón Óttar Ólafsson  
Eva Rún Snorradóttir  
Dagur Hjartarson  
Raymond Carver  
Hjorth Rosenfeldt  
Mats Strandberg  
Sara B. Elfgren  
Havukainen & Toivonen  
Liza Klaussman  
Shani Boianjiu  
Yoko Ogawa  
Helene Grémillon

Javier Marías  
Gillian Flynn  
Dan Brown  
Graeme Simison  
Rachel Joyce  
Óskar Árni Óskarsson  
Ingunn Snædal  
Arnar Matthíasson  
Ingunn Ásdísardóttir  
Halla Kjartansdóttir  
Elísa Björg Þorsteinsdóttir  
Kristín Jónsdóttir  
Jón Hallur Stefánsson  
Sigrún Á. Eiríksdóttir  
Þórarinn M. Baldursson